

Til umsagnar 57. mál frá nefndasviði Alþingis

Astma og ofnæmisfélag Íslands (AO) fékk til umsagnar 57. mál frá nefndasviði Alþingis. AO leggst eindregið gegn því að lögnum um fjöleignarhús verð breytt og að þau verði látin standa eins og þau eru rituð.

Með frumvarpinu um eru frumréttindi fólks tekin úr öndvegi og sett í annað sætið á eftir gæludýrum. Það felur í sér algjöran hugsanafeil og skerðir réttindi fólks með ofnæmi og fólks sem hræðist hunda og ketti. Með 2/3 reglunni eru þó að minnsta kosti setta einhverjar hömlur sem skynsam og lausnarmiðað fólk / samfélag innan fjölbýlishúss getur unnið með. Ef frumvarp þetta er samþykkt eru allar slíkar hömlur horfnar. Talað er um ósætti í frumvarpinu, er það ósætti eitthvað skelfilegra heldur en ósætti sem getur skapast ef gæludýrahald verður óheft og nágrannaerjur skapast, hvað þá er fjölskyldur eru settar í erfiða stöðu vegna dýra ofnæmis fjölskyldumeðlims. Hvað leggja flutningsmenn tillögunar til um það hvernig fjölskyldan skuli bregðast við. Flytja, sem ekki er nú auðvelt þessa dagana vegna skorts á húsnæði t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Hvað með börn sem fjölskyldunni tilheyra eiga þau að rífa sig upp og hoppa inn í næsta skóla og skólasamfélag. Hvað með tómsundur þessara barna og aðgengi þeirra að þeim.

Þeir sem búa í fjölbýli eiga að hafa frumrétt, enda er vitað að ofnæmi ýmiskonar hrjáir mjög margt fólk. Því þarf að tryggja fólki að ofnæmisvökum verði ekki hleypt nærri því á þess helgasta stað sem er heimilið. Það er algerlega óhugsandi að fólki geti fundist að einstaklingur sem býr í sinni íbúð í fjölbýli og er með ofnæmi fyrir hundum og/eða köttum þurfi mögulega að flyta í annað húsnæði vegna gæludýra sem annað fólk vill hafa hjá sér.

Í þessari breytingu er verið að vinna gegn jafnræði og það að eiga gæludýr (hund- eða kött) og halda það í fjölbýlishúsi er sett framur því að mann vera með ofnæmi fyrir þessu tiltekna gæludýri

AO vill einnig benda á að vinna hefði þurft greinargerðina með frumvarpinu betur og leggja meðal annars fram tölulegar upplýsingar en setja ekki fram ályktanir og vangaveltur.

Stjórn AO er ekki á móti gæludýrum almennt en hugsum við rökrétt og trúum því að frumvarp þetta verði ekki samþykkt af Alþingi enda eru engin einustu haldbæru rök fyrir því að það skuli samþykkt og því þröngvað upp á fólk með ofnæmi eða hræðslu fyrir köttum og hundum.

Skýrt dæmi um mikilvægi þess að lögin eru eins og þau eru í dag og með þeim varnagla að 2/3 þurfi að samþykkj, er eins og hér segir og vísar umsagnaraðili til greinar í síðasta tímariti AO.

Virðingarfyllst og með þökkum fyrir að fá tækifæri til að mæla á móti þessu frumvarpi.
Fríða Rún Þórðardóttir, formaður AO

frida@landspitali.is, 8988798

Flótt- tel vera mikilvægt að geta vísað í lögfræðipunkta varðandi jafnræði - að eiga gæludýr sett framur því að vera með ofnæmi?
Einnig farið óvarlega með orðaval eins og margir ..fáir.. fá staðreyndir og tölur fram hvað sé verið að tala um. Hvað eru margir ? Tilfinning? ..eða fáir.

Hvað sem verður þá er synd að láta svo ómálefnalega og illa unna greinagerð framhjá okkur fara. Vantar ákveðnar staðreyndir þar inn - en byggt á tilfinningu í staðinn.

Annars bestu kveðjur frá mér :-)
Selma

On Tue, 15 Mar 2022 at 11:13, Frida Run Thordardóttir <fridaruner@hotmail.com> wrote:
hæ
Ég er með fyrirspurn hjá ÖBÍ hvort að þau séu líka með þetta til umsagnar
Ég læt ykkur vita og hvort aðstoð er að vænta þaðan
kv Fríða Rún

Frá: Selma Árnadóttir <selma.arnad@gmail.com>
Sent: mánudagur, 14. mars 2022 09:44
Til: Astma- og ofnæmisfélag Íslands <ao@ao.is>
Afrit: Auður Marteinsdóttir <audurmar@gmail.com>; Björn Rúnar Lúðvíksson <bjornlud@landspitali.is>; Frida Run Thordardóttir <fridaruner@hotmail.com>; Guðrún Ósk Guðjónsdóttir <god-run@hotmail.com>; Jóhanna Eyrún Torfadóttir <jet@hi.is>; síf hauksdóttir <sifhauks@gmail.com>; Sólveig Skaftadóttir <solveig.skafta@gmail.com>
Efni: ATH mikilvægt - Til umsagnar 57. mál frá nefndasviði Alþingis

Sammála Tonie.

Hvet ykkur til að lesa þetta frumvarp - einhver sem getur skrifað umsögn / harðorða fyrir hönd okkar? Ég get fylgt því eftir, erum við með einhvern lögfræðing sem getur gert þetta?

Ofnæmislæknar mega gjarnan koma með komment á þetta líka.

Talað er um að þróunin um hundahald undanfarna áratugi hafi verið jákvæð en helsta hindrunin sem eftir er eru lög um fjöleignarhús. ATH - þar er þó hundahald leyft ef samþykki fæst fyrir 2/3 hluta íbúa en sóst er eftir að ekki þurfi að biðja um leyfi.

- þeir sem eiga hunda séu beittir svo miklu óréttlæti með þessu, þurfa jafnvel að flytja annað ef þessi meirihluti næst ekki.
-EN þeir sem eru með ofnæmi eða hræðslu fyrir hundum eiga frekar að flytja annað, og þá þangað þar sem að sérinngangur er.
-Rökin - þeir sem eiga hunda geta verið það fátækir að geta ekki flutt en þeir sem eru með ofnæmi hljóta allir að hafa mikla peninga á milli handanna þar sem þeim er gert að flytja í húsnæði með sérinngangi.
.. og margt fleira.

Þessi hópur er svo einhliða og afar... afar.. sérstakur svo ég spari nú stóru orðin. Langt síðan ég hef séð annað eins.

Heyrumst áfram
Selma

mán., 14. mar. 2022 kl. 11:02 skrifaði Astma- og ofnæmisfélag Íslands <ao@ao.is>:
Heil og sæl öll
Vek athygli ykkar á þetta frumvarp um dýrahald.
Hér er að vera skerða á réttindi fólk með ofnæmi að mínu mati.

Hvað finnst ykkur?
og er þetta eitthvað sem félagið ætti að auglýsa félagsmenn, ef þau vil senda inn umsagnir og erindi?
Man að Björn Ólafur væri með mjög sterkar skoðanir af þess.

Mbk

Sæl.
Mér finnst þetta populíska frumvarp Flokks fólksinín vera vont mál. Held reyndar að Alþingi sé ekki líklegt til að hleypra því í gegn.
Með frumvarpinu eru frumréttindi fólks tekin úr öndvegi og sett í 2. sætið á eftir húsdýrum. Það felur í sér algjöran hugsanafeil.

Þeir sem búa í fjölbýli eiga að hafa frumrétt, enda er vitað að ofnæmi ýmiskonar hrjáir mjög margt fólk. Því þarf að tryggja fólk að ofnæmisvökum verði ekki hleypt nærri því á þess helgasta stað.

Þar fyrir utan fylgir svo dýrum alltaf einhver sóðaskapur, sem dýraeigendur en ekki húsfélög verða að kosta hreinsun á.

Bestu kv.,
BÓH
Heil og sæl öll
Vek athygli ykkar á þetta frumvarp um dýrahald.
Hér er að vera skerða á réttindi fólk með ofnæmi að mínu mati.

Hvað finnst ykkur?

og er þetta eitthvað sem félagið ætti að auglýsa félagsmenn, ef þau vil senda inn umsagnir og erindi?

Man að Björn Ólafur væri með mjög sterkar skoðanir af þess.

Mbk

Tonie Sørensen, starfsmaður